

STEFÁN KARLSSON

SKINN RÆMUR ÚR SKÁLHOLTSBÓK (AM 351 FOL.)

JÓNSBÓKARHANDRITIÐ Skálholtsbók eldri (AM 351 fol.) var gefið út ljósprentað 1971 með rækilegum inngangi eftir Chr. Westergård-Nielsen,¹ og í ritdómi í Skírni² reyndi sá sem þetta ritar að fylla þá mynd sem útgefandi brá upp af bókinni. AM 351 fol. var afhent Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi til varðveislu í nóvember 1975, og við móttöku hennar gafst þess kostur að huga nánar að fáeinum atriðum sem höfðu vakið forvitni við samningu ritdómsins. Hér er ætlunin að leiðrétta eina falskenningu sem þar er sett fram.

Í ljósprentinu eru birtar myndir af sex skinnræmum sem hafa legið þvert um kjöl bókarinnar til styrktar bandinu, og þess er getið í innganginum (28.–29. bls.) að tvær þeirra séu brot úr kaþólskri messusöngbók, en fjórar “with some Icelandic text”. Í ritdóminum (200. bls.) er þetta íslenska krot talið frá 15. öld, og því eru gerðir skórnir að skrifað hafi verið á þessar ræmur um leið og þær hefðu verið settar upphaflegu bandi til styrktar. Þetta er rangt.

Sneplarnir vóru teknir úr bandinu vegna ljósprentunarinnar, og þeir hafa ekki verið settir í það aftur. Þegar ræmurnar fjórar eru skoðaðar sjálfar reynist unnt að lesa betur en í ljósprentinu það sem á þeim stendur, en jafnframt kemur í ljós að þær eru allar skornar úr sama blaði, og göt á öðrum jaðri þriggja ræmanna sýna að þetta blað hefur verið skorið úr bók. Á milli þessara gata eru 6 mm. að jafnaði, en meðalbil á milli línustrika í 351 er 6,2–6,3 mm., svo að nærtækt er að ætla að ræmurnar fjórar séu úr blaði úr handritinu sjálfu.³

Sú hugmynd fær stuðning af því, að í síðasta kveri bókarinnar eru

¹ *Skálholtsbók eldri* (Early Icelandic Manuscripts in Facsimile IX, Kh. 1971).

² *Skírni* 146 (Rv. 1972), 198–204.

³ Skýringin á heldur styttri bilum á milli jaðargata á ræmunum væri þá sú, að skinnið í þeim hefði hlaupið ögn, enda hefur það velkst meira en skinnið í þeim blöðum bókarinnar sem eru á sínum stað.

aðeins 7 blöð (ff. 127–133), en 8 í flestum hinna. F. 127 er stakt, og Westergård-Nielsen taldi að þetta síðasta kver hefði í öndverðu verið 8 blaða kver, en aftasta blaðið hefði verið skorið úr því áður en bókin var bundin (inng., 29. bls.). Þetta er án efa rétt, því að innri spássía á f. 127 er mun mjórri en á öðrum blöðum bókarinnar, en svo væri varla ef blaðið hefði í upphafi átt að vera stakt.

Texta handritsins þrýtur efst í síðari dálki f. 133v, og blað á eftir því hefði verið autt og mátt krabba á það ekki síður en í auða dálkinn á f. 133.⁴

Enn er þess að geta að á blaðinu sem ræmurnar eru skornar úr er bilið frá blaðjaðri að ofan (ef blaðið hefur snúið eins og hér er gert ráð fyrir á eftir og ekkert vantar ofan á það) og niður að efsta gati rétt það sama og í 351. Hins vegar er bilið frá blaðjaðri á hlið og inn að götunum breiðara en á flestum blöðum handritsins, en sýnilegt er að bókin hefur verið skorin að framan og að neðan, trúlega þegar hún var bundin undir lok 17. aldar (sbr. inngang Westergård-Nielsens, 27.–30. bls.)

Myndasíðurnar með ræmunum fjórum eru í ljósprentinu merktar C og D, og sneplarnir verða hér tölusettir ofanfrá, sumpart eins og þeir raðast saman og sumpart eins og þeim er raðað á myndasíðurnar. Við þessa röðun er gert ráð fyrir að lesmálið á blaðinu, sem ræmurnar eru skornar úr, hafi snúið eins og í bókinni en ekki allt staðið á höfði:

$$\begin{array}{ll} r1 = C4 & v1 = D4 \\ r2 = D3 & v2 = C3 \\ r3 = D2 & v3 = C2 \\ r4 = D1 & v4 = C1^5 \end{array}$$

Mest af lesmálinu á ræmunum er af aftari blaðsíðu, ef blaðið hefur snúið eins og hér er gert ráð fyrir, en ofarlega á fremri blaðsíðu (r1) er stafrófið, a–t, með hendi frá 15. öld eða e. t. v. þeirri 16. Víðar á þessari blaðsíðu sjást einstakir stafir eða orð, en ekkert heilt orð verður

⁴ Ekki hefur tekist sem skyldi að lesa skrif á íslensku neðst í þessum dálki, sbr. ritdóminn (204. bls.). Vafasamt er að þar sé nefnd bók og einhver Hannesson, en af vísunni hefur tekist að lesa þetta: “. . . er liot ok mogur ok lagit er eigi a neinu eigi loot ec audgrund fogur . . .” Skriftnin á þessu er frá ofanverðri 15. öld eða fyrir hluta 16. aldar.

⁵ Þessi ræma hefur dottið í þrjá hluta, og á myndunum í ljósprentinu hafa endabútarnir vixlast og standa báðir á höfði, en síðar hafa partarnir verið festir saman á réttan hátt.

þar lesið. Stafagerð bendir sums staðar til 16. aldar og annars staðar til 17. aldar.

Á aftari blaðsíðunni er einnig ofurlítið ólæsilegt krabb, m. a. klesstur línustúfur á v2, en allt sem lesið verður virðist vera frá 15. öld.

v2: “[P]essi bod uoru [s]ett [a]f he[r]ja Mag[nuse]” — “[P]essi bod⁶ voro sett af⁷”. Þetta á að öllum líkindum við skriftaboð þau sem standa á f. 95 í 351 með fyrirsögninni “Þetta eru bod herra magnus byskups” og upphafinu “Boð þessi woro sett af herra magnusi byskupi . . .”⁸

v3: “kxyhs clmxs rþm x nlh yci nxgy rlx nlh”. Nokkrir stafanna eru skertir eða óskýrir af öðrum sökum, en það sem séð verður kemur vel heim við það sem hér er prentað. Þó virðist 3. stafur í 1. orði, sem hér er lesinn “y”, vera fullt eins líkur “r” eða “n”, og í 3. orði er óvíst hvort 2. stafur er “þ” eða “p”. Þetta er greinilega villuletur, og sé rétt lesið leikur enginn vafi á hvernig ráða skal: “haukr einar son a mik uel mattu sia mik”.⁹

v4: “nu gefur vel pennen seiger havkr bonde ok er þo jlla skrifath sem¹⁰”. Vera má að handaskil séu á eftir “bonde”, og hugsanlegt er að orðin þar á eftir séu með sömu hendi og villuletrið ofan við. Öruggt má telja að þessi skrift sé frá 15. öld, og ok-bandið, sem líkist tölunni 3 og nær niður fyrir línu bendir fremur til miðbiks aldarinnar eða síðari hluta en til fyrsta þriðjungs.¹¹

⁶ Þetta var mislesið “bond” í ritdóminum og sama orð á fyrri staðnum prentað “bo[n]d”. Af því spratt sú ranga hugmynd að á sneplana hefði verið skrifað um leið og þeir voru settir sem “bönd” í band bókarinnar.

⁷ Fyrri stafurinn er óskýr og sá síðari skorinn.

⁸ Upphafið er ‘Þessi boð voru sett . . .’ í mörgum öðrum uppskriftum textans, sbr. *Íslenzkt fornbréfasafn I* (Kh. 1857–76), 435–63.

⁹ c = e; g = t; h = k; i = l; k = h; l = i; m = n; n = m; þ (eða p) = o; r = s; s = r; x = a; y = u. (Sbr. *Ole Worm’s Correspondence with Icelanders*, útg. Jakob Benediktsson (Bibliotheca Arnamagnæana, Kh. 1948), 221–22 og 459–60.) Væri 1. orðið “kxrhs” eða “kxnh”, ætti að lesa “haskr” eða “hamkr”, sem er ótækt, en 3. orð má lesa “son” hvort sem heldur stendur “rþm” eða “rþm”.

¹⁰ Hér á eftir fer einn skorinn stafur, e. t. v. “v”.

¹¹ Elstu dæmi í bréfum um þessa gerð ok-bands má sjá í *Íslandske originaldiplomer indtil 1450, faksimiler* (Editiones Arnamagnæanæ, Suppl. 1, Kh. 1963), nr. 247 og 250 (Reykholsti 1434), 267 (Munkaþverá 1439) og 295 og 296 (Skálholti 1443), en eftir miðja öldina verður þessarar bandgerðar oftart vart, einkum í norðlenskum bréfum.

Að öllum líkindum er átt við sama Hauk í báðum línunum, en á 15. öld er Hauksnafn svo fátítt, að eftir 1450 kemur aðeins einn Haukur við heimildir, og hann hefur það sér til ágætis að vera Einarsson og bera virðingartilinn 'bóndi' í öðru þeirra tveggja bréfa sem hann kemur við. 1461 á bóndinn Haukur jarðakaup við Björn bónda Þorleifsson og selur honum þrjár jarðir fyrir vestan, en fær í staðinn jarðir fyrir sunnan. Kaupin fóru fram í Skálholti, en kaupbréfið er skrifað í Ási í Holtamannahreppi.¹² Í hinu bréfinu er Haukur Einarsson meðal votta við samning Þorleifs Björnssonar [Þorleifssonar] við Stefán nokkurn Jónsson; þessi samningur var gerður 1462 í Hruna í Hrunamannahreppi og bréfið skrifað þar.¹³

Í registri við 5. bindi Fornbréfasafns hefur Steinn Dofri¹⁴ talið Hauk son Einars prests Haukssonar (d. 1430), sem var ráðsmaður Skálholtsstóls á átjándá ári,¹⁵ en ekki þekki ég rök fyrir þeirri ættfærslu önnur en þau líkindi nafnanna sem við blasa. Hvað sem ætterninu líður væri í sjálfu sér ekkert athugavert við það að sunnlensks virðingarmanns og jarðeiganda væri getið í krabbi á lögbók Skálholtsstóls, en hitt kann að virðast með meiri ólíkindum að Hauki skuli vera eignuð bókin, eins og gert er í villuletursklausunni. Það er raunar ekki öldungis víst að ræmurnar úr bandi 351 séu einmitt úr blaði úr því handriti, þannig að Hauki Einarssyni kynni hér að vera eignuð önnur bók, en meiri líkur eru þó á því að það sé Skálholtsbók sem villuletursorðin eiga við. Þau veikja því röksemdir fyrir því að bókin hafi verið í eigu Skálholtsstóls frá því að hún var skrifuð (sbr. inngang Westergård-Nielsens, 26.–27. bls.)

Önnur rök hafa fundist sem mæla gegn því að 351 hafi verið skrifuð í Skálholti og benda jafnframt til þess að bókin sé nokkru yngri en talið hefur verið. Þeim verður vonandi unnt að koma á framfæri í síðari Griplugrein eftir að þau hafa verið könnuð nánar.

¹² *Íslenzkt fornbréfasafn V* (Kh. og Rv. 1899–1902), nr. 229.

¹³ *Íslenzkt fornbréfasafn V*, nr. 321.

¹⁴ “. . . Jósafat ættfræðingr Jónasson hefir safnað öllu til manna og staðanafna-registrsins, og ættfært ótæpt og rökvislega bæði í registrinu sjálfu og neðanmáls við það . . .” segir útgefandi, Jón Þorkelsson, í formála, iv. bls.

¹⁵ *Islandske Annaler indtil 1578*, útg. Gustav Storm (Kria 1888), 295.